

SMÁRA BÍÓ
Sími 564 0000

Þú færð 5 % endurgreitt í Smárabíó

Reykjavík Rotterdam	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.i. 14 ára	Mamma Mia	kl. 5:30 - 10:15	LEYFÐ
Reykjavík Rotterdam	kl. 5:50 - 8 - 10:10	LÚXUS	Grísirnir þrír	kl. 3:45	LEYFÐ
Burn After Reading	kl. 5:45 - 8 - 10:15	B.i. 16 ára	Lukku Láki	kl. 4	LEYFD
Pineapple Express	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.i. 16 ára			

Gerðu bíómiðann með Kreditkorti tengdu Aukakrónum!



Opið stefnumót

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Allir gera það sem þeir geta, Libia Castro og Ólafur Ólafsson
★★★★☆

Til 2. nóvember. Opið alla daga frá kl. 10-17 og til kl. 22 á fim. Aðgangur ókeypis.

LISTASAFN Reykjavíkur hefur sett af stað nýja sýningaröð. Þar er „varpað ljósi á tengsl safnsins og almenningsrýmisins utan þess“, eins og segir í sýningarskrá þeirra Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar sem ríða á vaðið.

Hér velta Libia og Ólafur fyrir sér hlutverki einstaklingsins í samfélaginu, birtingarmyndum einstaklinga í fjölmiðlum, málefnum líðandi stundar og möguleikum listasafnsins á að vera hluti af þessu öllu. Unnið er með myndbönd sem sýnd eru á veggjum og skjám og fylgja þeim heyrnartól.


Sýningin er verk í vinnslu og breytist yfir sýningartímann, hún var opnuð 18. september og stendur til 2. nóvember. Hluti hennar var unninn fyrirfram svo salurinn væri ekki tómur á opnun, en síðan halda listamennirnir áfram að taka viðtöl og setja inn á sýningartímanum. Það var því ekki sama fólkið sem mætti mér á veggjunum í fyrstu heimsókn og annarri. Í fyrra skiptið voru andlitin kunnugleg í umræðu dagsins, en í það síðara önnur og minna þekkt. Heimilislausir, stöðumálavörður, verkfræðingur, farandverkakona; einstaklingar með hver sína sýn á samfélagið.

Myndatakan er stundum á skjön við viðfangsefnið eins og til að undirstrika þá staðreynd að hún er aldrei hlutlaus, fáránleg diskóljós, útlínur sýndar eins og viðkomandi vilji ekki þekkjast og glansfilmu er troðið ofan á höfuð eins viðmælandans. Flest viðtölin eru þó frekar hlutlaus í tökum, en listamennirnir leiða þá fólk áfram með spurningum sem rugla viljandi saman persónulegum og almennum málefnum og skapa þannig óvænt sjónarhorn.

Þessi leikur með myndatöku og innihald viðtalanna ásamt sjónrænum þætti myndanna sem kallast á við hefðbundin málverk gæðir sýninguna lífi. Viðtölin eru áhugaverð á sammannlegum grundvelli, það er nú bara þannig að líf allra er spennandi viðfangsefni. Eins vinnur sýningin einkar vel með rýmið.

Hér er stuðlað að því að setja einstaklinginn, hvern og einn, í sviðsljósið, með þann boðskap að leiðarljósi að öll séum við merkileg og höfum sitthvað fram að færa. Eg er ekki frá því að auk þess að skapa áhugaverða sjónræna upplifun komi sýningin einnig slíkum skilaboðum áleiðis til áhorfenda, sem í framhaldinu verða virkari í samfélaginu.

Ragna Sigurðardóttir



Morgunblaðið/Kristinn

Verk í vinnslu **„Hér er stuðlað að því að setja einstaklinginn, hvern og einn, í sviðsljósið, með þann boðskap að leiðarljósi að öll séum við merkileg . . .“, segir meðal annars í dómi um sýninguna Allir gera það sem þeir geta.**

Þjóðleikur fyrir ungt fólk

AÐSTANDENDUR tilraunaverkefnisins Þjóðleiks komu saman á þaki Þjóðleikhússins á dögunum og bentu í austur. En Þjóðleikur er verkefni sem mun eiga sér stað á Austurlandi í vetur og

miðar meðal annars að því að efla leiklistarstarf ungs fólks og hvetja til nýsköpunar í íslenskri leikritun.

Þrjú glæný 45 mínútna leikrit voru skrifuð sérstaklega fyrir



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Austur á bóginn **Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri og aðstandendur Þjóðleiks stefna austur.**

Þjóðleik af leikskáldunum Bjarna Jónssyni, Sigtryggi Magnasyni og Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann.

Þjóðleikhúsið mun veita listrænum stjórnendum Þjóðleiks-hópanna aðstoð í formi faglegrar ráðgjafar og námskeiða bæði í Reykjavík og á Austurlandi. Þar verða teknir fyrir þættir eins og leikmyndahönnun, ýmiss konar sviðstækni, leikstjórn og skipulag æfingaferlis.

Þjóðleikhúsið er aðili að Vaxtarsamningi Austurlands og hefur samvinnu við menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og fleiri aðila á Austurlandi um skipulag og framkvæmd þessa nýstárlega verkefnis.

Þjóðleik mun síðan ljúka með allsherjar leiklistarhátíð ungs fólks í vor. *ingveldur@mbl.is*